

Selfossi 17.12.09

Til sláturleyfishafa.

Efni: Hrossslátrun og útflutningur.

Tilfni þessa bréfs er að **ESB hefur gert athugasemdir við framkvæmd laga og reglugerða sem tryggja eiga að ekki séu lyfjaleifar í hrossakjöti.**

Til þess að bæta þar úr hefur verið gerð áætlun til að tryggja hreinleika og öryggi afurðarinnar.

1. Aðeins má slátra hrossum sem eru einstaklingsmerkt með örmerki. Undanþegin eru þó folöld yngri en 10 mánaða sem skulu merkt einstaklingsnúmeri móður (Reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár.).
2. Eftirlit með lyfjaleifum í kjöti verður aukið.
3. Allar lyfjameðhöndlunir í hross skal skrá rafrænt í gagnagrunninn www.Worldfengur.com.
4. Skráningin er á ábyrgð dýralækna skv. reglugerð nr. 160/ 2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa og skulu þeir tilgreina sláturfrest vegna meðhöndlunarinnar. Upplýsingar um hross í afurðanýtingarbanni munu verða sláturhúsum aðgengilegar daglega. Jafnframt hvílir sú ábyrgð á umráðamönnum hrossa að sjúkdómar og meðhöndlun þeirra, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir séu skráðar, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 289/2005 um merkingar búfjár. MAST kemur upp reglubundnu eftirliti með skráningunum, sem byggt er á áhættumati.

Sláturleyfishafar hafa skv. reglugerð nr. 289/2005 **þá skyldu að skrá** öll hross sem koma til slátrunar. Aðeins má slátra hrossum sem eru einstaklingsmerkt, örmerkt eða frostmerkt. Hross sem fædd eru eftir 2008 skulu þó öll vera örmerkt.

Vakin er athygli á að felld hefur verið úr gildi undanþága í reglugerð nr. 289/2005 fyrir merkingum á eldri hrossum, þannig að **nú eiga öll hross að vera merkt. undanþegin eru folöld yngri en 10 mánaða sem skulu merkt einstaklingsnúmeri móður (Reglugerð nr. 289/2005).**

Staðfesting á einstaklingsmerkingu skal eiga sér stað fyrir slátrun sem og staðfesting á því að hrossið sé ekki í sláturbanni. (Ábyrgð sláturleyfishafa)

Upplýsingar um lyfjanotkun eru skráðar í gagnabankann Worldfengur.com (WF) Til þess að þessar upplýsingar berist sláturhúsum á hverjum degi/tíma þurfa sláturleyfishafar að hafa samband við **Tölvudeild BÍ, Jón Baldur Lorange**, og ákveða við hann formið á tengingum og gagnaflutningum. Þar kemur fram hvaða hross eru í **afurðanýtingarbanni** vegna lyfjameðhöndlunar.

Gefinn er **frestur til 1. febrúar 2010** til að koma á tengingu sláturhúsa við Tölvudeild BÍ og gagnaflutningum vegna afurðanýtingarbanns. Sami frestur er gefinn vegna kröfu um aflestur á einstaklingsmerkingum. Ath. Örmerkjalesarar eru misjafnir/misnæmir kynnið ykkur verð og gæði.

Takist ekki að koma þessu í lag skv. kröfum ESB og okkar eigin áætlun við þeim, er allur **útflutningur á hrossakjöti þangað úr sögunni.** (nánari uppl. kjartan.hreinsson@mast.is)

Virðingarfyllst,
Kjartan Hreinsson sérgreinadýralæknir.

Afrit; Bændsamtök Íslands
Félag Hrossabænda
Landssamband hestamannafélaga
Dýralæknar.

